



DAGSKRÁ 9+
FJÖLSKYLDA

KYNNINGAREFNI FYRIR KENNARA OG LEIÐBEINENDUR

RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík: Barna- og ungmennadagskrá

RIFF er stærsta kvikmyndahátíð Íslands fyrir börn og unglunga á aldrinum 4-16 ára. Í ár mun RIFF í sjöunda skipti sýna áhrifamiklar stuttmyndir víðsvegar að úr heiminum sem sérstaklega eru ætlaðar þessum aldurshópi. Við bjóðum þér að taka þátt og skapa samræður við börn og unglunga um hinn magnaða heim kvikmyndanna. Þetta er einstakt tækifæri til að gægjast inn í heim kvikmyndanna og bjóða börnum og unglungum upp á eftirminnilega menningarupplifun.

Í ár heldur RIFF upp á 17 ára afmæli sitt og margt hefur gerst á sviði kvikmynda fyrir börn og unglunga síðan hátíðin var fyrst haldin. Stuttmyndir eru ei lengur aðeins aðgengilegar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi og á myndbandsspólum heldur eru þær aðgengilegar okkur öllum stundum í - jafnvel í formi myndbanda sem yngri kynslóðin skapar sjálf og deilir með öðrum á veraldarvefnum. RIFF leitast eftir að sýna einstakar stuttmyndir sem ögra, örva og heilla yngri áhorfendur.

Alls verður boðið upp á fimm stuttmyndadagskrár, auk kvikmyndasýninga, sem aðgengilegar verða í kvikmyndahúsum og skólum bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Kvikmyndir, með sýnar sterku ímyndir og skálduðu eða sannsögulegu dæmisögur, geta vakið okkur til umhugsunar um mikilvæg málefni svo sem sambönd, samfélagsleg málefni, sjálfbærni, umhverfið og loftlagsmál á sérstakan hátt. Í stuttu máli sagt þá er eðli kvikmynda slíkt að þær vekja hjá okkur mismunandi tilfinningar og jafnvel spurningar um lífið sjálft.

Þáttöku í barna- og unglungadagskrá RIFF er ætlað að vera skemmtileg og fræðandi upplifun þar sem við skoðum heiminn í gegn um linsu hreyfimyndanna. Með það að markmiði höfum við sameinað stuttmyndadagskrár og tillögur að kennsluefni, sem gerir kennurum og leiðbeinendum kleift að nota stuttmyndirnar sem kennsluefni bæði fyrir, á meðan og að sýningu lokinni.

Margar af þeim myndum sem sýndar eru á RIFF henta vel sem viðbótarefni við þær greinar sem þegar eru kenndar í leik- og grunnskólum landsins. Þetta er því frábært tækifæri til að tvíanna saman áhrifaríkar stuttmyndir og kennslu þar sem ólík viðfangsefni eru sett í samhengi við þennan skapandi miðil.

RIFF hefur valið myndir og sett saman í flokka með það að markmiði að kynda undir forvitni nemenda og opna augu þeirra fyrir mismunandi málefnum.



Barna- og ungmennadagskrá RIFF er styrkt af List fyrir alla.

List fyrir alla velur og miðlar listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafnar þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag. Höfuðáhersla er lögð á list fyrir börn og list með börnum.

DAGSKRÁ 9+: FJÖLSKYLDA

Fjölskylda okkar hefur mikil áhrif á það hver við erum og hvaða tækifæri við fáum í lífinu. Fjölskyldur geta bæði verið stórar og litlar, ríkar og fátækar, og þær geta litið mismunandi út. Fjölbreytileiki fjölskyldna er mikill og með dagskránni "Fjölskylda" köfum við dýpra í hugmyndir um fjölskyldur og fjölskylduform.

Hvernig fjölskyldur sjáum við yfirleitt í kvikmyndum? Hvernig hefur það áhrif á okkar eigin ímynd um það hvernig fjölskylda "eigi" að vera? Hafa fjölskyldur í kvikmyndum eða sjónvarpsefni breyst í gegn um tíðina? Við gefum nemendum tækifæri til að læra saman um það hvernig kvikmyndir hafa áhrif á okkur og hvað skoðanir okkar á fjölskylduforminu.

Stuttmyndirnar sem valdar hafa verið fyrir þessa dagskrá eru allar ólíkar og bjóða því upp á mismunandi viðfangsefni við kennslu. Efnið er einkum ætlað börnum á aldrinum 9-11 ára en sjálfsagt er að aðlaga efnið svo það henti yngri eða eldri nemendum. Þó svo að dagskráin sé tileikud fjölskyldum þá snerta þær sögur sem hér eru sagðar einnig ýmis viðfangsefni.


Myndirnar sem sýndar verða í þessum flokk eru:



Teofrastus

Eistland | Sergei Kibus | 16 mín

Saga frelsis og samúðar í Sovétríkjunum á áttunda áratugnum, séð í gegnum augu kattar og sögð af eiganda hans. Teofrastus er heimilslaus köttur sem boðið er heimili af fjölskyldu á sveitabæ. Hið nýtilkomna hamingjuríka líf er þó skammlíft þegar farið er með Teofrastus inn í stórborgina og hann týnist á götum úti. Mun hann finna leiðina til baka að hinu hamingjuríka lífi?



Kolkrabbi / Ahtapot


Tyrkland | Engin Edén | 12 mín

Kolkrabbi er stuttmynd sem fjallar um átta og níu ára bestu vinina Ece og Efe og fylgir þeim á heitum og letilegum sumardegum við Eyjahafið. Ece og Efe hitta fyrir fjölmarga fullorðna sem ráðskast með þá en að lokum fá þeir nóg og ákveða að nú verði þeir að sanna sig. En þeir gera sér ekki grein fyrir því hversu dýrkeypt það muni vera.

Lífið á eyjunni

Ísland | Viktor Sigurjónsson | 29 mín


Í afskekktu þorpi á Austfjörðum býr hinn 12 ára gamli Bragi. Hann er orðinn þreyttur á einsleitni lífinu í bænum og langar að gera eitthvað nýtt og skapandi. Hann ákveður ásamt nýjum vini að skrá sig í hæfileikakeppni í þorpinu, í þeirri von að hrista upp í leiðinlegum skyldum hversdagsins.



Kimya

Holland | Amira Duynhouwer | 9 mín

Æskuheimili Josie hefur ávallt verið opið öllum sem þangað viljað koma og dyrnar aldrei verið læstar. Josie er hins vegar lítið gefið fyrir gestaganginn, og finnst hún jafnvel ekki vera hluti af fjölskyldunni. Þegar Josie fær loksins að vera ein heima í fyrsta sinn, er hún viss um að það verði besti dagur lífs hennar. Hún áttar sig þó fljótlega á því að heimilið er ekki samt þegar hún er þar ein.






Lolo

Pýskaland & Brasilía | Leandro Goddinho & Paulo Menezes | 14 mín

Hinn 11 ára gamli Lolo og bestu vinir hans hefja vegferð sína að því að skilgreina sjálfa sig og kynhneigð sína. Leandro Goddinho er brasilískur kvikmyndagerðarmaður sem hefur helgað sig hinsegin málefnum.



Borg nr. 13 / Stad Nr. 13 Svíþjóð | Salad Hilowle | 9 mín

Misheppnuð för geimfars leiðir til þess að það getur brotlent á jörðinni á hverri stundu. Í litlum sænskum bæ virðist daglega lífið ganga sinn vanagang. Augnablik úr lífinu í borginni eru samofin heimspekilegum pælingum ellefu ára gamla Omars.



Á leiðinni / En Route)

Holland | Marit Weerheijm | 10 mín

Þegar hin 9 ára gamla Inay og litli bróðir hennar þurfa að fara með föður sínum í sérstakt ferðalag í gegnum borgina, ákveður hún að gera hvað sem er til að tefja ferðina. Hún veit að ef þau koma seint á áfangastað fær hún fullt af sætindum.

TILLÖGUR AÐ KENNSLUEFNI

Stuttmyndirnar bjóða upp á samræður bæði fyrir og eftir sýningu myndarinnar. Með tilliti til þeirra markmiða sem tilgreind voru hér að ofan, þá leggjum við til eftirfarandi umræðuefni:

ÁÐUR EN AÐ MYNDIN HEFST:

Fjölskyldur koma í öllum stæðrum og gerðum. Þær geta komið hvaðan að úr heiminum og haft mismunandi hefðir. Sumir foreldrar hafa skilið og þá á maður jafnvel tvær fjölskyldur. Fjölskyldur geta verið ríkar, fátækar, litlar eða stórar. Í sumum fjölskyldum er bara eitt foreldri, aðrir eiga bæði mömmu og pabba, sumir eiga tvær mömmur og aðrir tvo pabba. Fyrir suma er nánasta fjölskylda lítill hringur sem samanstendur bara af foreldrum og börnum, en í öðrum tekur öll stórfjölskyldan þátt í uppeldi barnsins.

Við leggjum til að skipta nemendunum í hópa og leyfa þeim að tala sín á milli um hvað fjölskylda er og hvaða fjölskylduform þeir þekkja. Þeir geta líka talað við sinn hóp, og aðra hópa, um hvernig fjölskyldur hafa breyst í tímann rás. Hvað hefur breyst? Hvað hefur ekki breyst? Af hverju, eða af hverju ekki? Þið gætið rætt saman sem bekkur um mismunandi hugmyndir sem börnin fengu í hópavinnunni.

EFTIR SÝNINGU:

Börnin ræða saman í hóp, undir handleiðslu kennara, hvernig þau upplifðu kvikmyndina:

- Af hverjum samanstendur fjölskyldan í myndinni?
- Hafið þið hitt svona fjölskyldu áður?
- Var það eitthvað við fjölskylduna sem kom ykkur á óvart?
- Hafði fjölskyldan einhverjar sérstakar hefðir?
- Hver var staða fjölskyldunnar? Áttu þau stórt eða lítið hús, áttu þau mikið eða lítið af peningum o.s.fv.?
- Hvernig komu fjölskyldumeðlimirnir fram við hvorn annan?
- Hvernig kemur fjölskyldan fyrir í myndinni? Eru þau sýnd í jákvæðu eða neikvæðu ljósi?
- Er fjölskyldan í forgrunni myndarinnar, eða fjallar myndin í raun um eitthvað annað?
- Voru einhver átök eða ósætti innan fjölskyldunnar? Ef svo, um hvað snérist það?